

Endanlegir skilmálar

KB 1M

Útgáfa EUR 8.400.000,00 KB1M 08 0925

A-HLUTI – SAMNINGSSKILMÁLAR

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 30. júlí 2008, skv. XIII. og XV. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er:

<http://www.kaupthing.is/?PageID=4205>

1. Útgefandi: KB 1M, kt. 430408-9840, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
2. Ábyrgð útgefanda: Útgefandi ábyrgist greiðslu víxlanna, sbr. greiðsluloforð þess efnis sem fram kemur í víxlunum. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ber ekki ábyrgð á greiðslu víxlanna og gengst ekki í ábyrgð fyrir innheimtu kostnaðar eða nokkurra greiðslna sem tengjast víxlunum, hvorki í heild né hluta. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er hvorki útgefandi né ábyrgðarmaður víxlanna. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ábyrgist að eignir KB 1M verða varðveittar í samræmi við reglur sjóðsins og að þær verði nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur gefið út og til greiðslu á rekstrarkostnaði sjóðsins.
4. (i) Auðkenni KB1M 08 0925
(ii) ISIN-númer: IS0000018364
5. Tilgreind mynt eða myntir: EUR
6. Samanlagt nafnverð: EUR 8.400.000,00
Þegar útgefið og selt: EUR 8.400.000,00 að nafnvirði
Hámarksfjárhæð flokks: EUR 30.000.000,00 að nafnvirði
7. Ávöxtunarkrafa á söludegi: 7,00%
8. Dagaregla: Actual/360
9. Nafnverðseiningar: EUR 100.000,00
10. Útgáfudagur: 25.08.2008
11. Gjaldldagi: 25.09.2008

12. Dagur sem víxlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.: 2. september 2008
13. Fjöldi bréfa og númeraröð: 84, frá 01 til 84
14. Söluaðili: Kaupþing banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

KB 1M er fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003. Samkvæmt lið 10.1 í reglum sjóðsins er honum heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar með lántöku í bönkum eða sparissjóðum, útgáfu skuldabréfa, peningamarkaðsskjala og hlutdeildarskírteina. Samkvæmt lið 4.1 í reglum sjóðsins mun sjóðurinn fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja annars vegar og hins vegar afleiðum og peningamarkaðsskjölum, jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða. Sjóðurinn hefur ekki eiginlegan rekstur með höndum.

Sjóðurinn hefur gefið út víxla, sem teknir hafa verið til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar sem birt var 30. júlí 2008 og endanlegra skilmála fyrir víxlaflokk KB1M 08 0825, og fjárfest fyrir söluandvirðið í samræmi við lið 4.1. Eignir, skuldir og þar með eiginfjárlutfall sjóðsins er því breytilegt, allt eftir því hversu mikið sjóðurinn hefur gefið út af víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum á hverjum tíma

UMSÓKN UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Endanlegir skilmálar þessir fela í sér endanlega skilmála sem krafist er til að taka víxla-útgáfu, sem hér er lýst, til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og heimilt er að stunda viðskipti með í OMX Nordic Exchange Iceland hf. samkvæmt útboðsáætlun KB 1M um víxlaútgáfu að fjárhæð allt að EUR 150.000.000 að nafnvirði.

B-HLUTI - AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. HAGSMUNIR EINSTAKLINGAR OG LÖGAÐILA SEM KOMA AÐ ÚTGÁFU ÞESSARI.
Enginn einstaklingur eða lögaðili sem kemur að útgáfu víxlanna hefur beina efnislega hagsmuni af útgáfunni.
2. ÁSTÆÐUR ÚTGÁFUNNAR OG HEILDARGJÖLD
 - (i) Ástæður útgáfunar: Almenn fjármögnun
 - (ii) Áætlaður heildarkostnaður við töku víxlaflokks til viðskipta: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., fyrir hönd KB 1M, greiðir allan kostnað við fyrirhugaða töku víxlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Heildarkostnaður við töku víxlaflokksins til viðskipta er samtals 550.000 kr. Þar af eru 450.000 kr. greiddar til OMX Nordic Exchange hf. en annar kostnaður er 100.000 kr. Umsjónaraðili fær ekki greidda þóknun vegna þjónustu sinnar við fyrirhugaða töku víxlaflokksins til viðskipta. Útgefandi ber því ekki kostnað við töku víxlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

ÁBYRGÐ

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 29. ágúst 2008:

Af: _____
sem hefur til þess fullt umboð